

42. fundur stjórnar Skálholts,
haldinn í Skálholtsskóla miðvikudaginn 28. janúar 2009 kl. 11:00

Mætt voru: Sigurður Sigurðarson, Jóhann E. Björnsson, Kristján Björnsson, Kristinn Ólason og Hólmfríður Ingólfssdóttir. Einnig sóknarpresturinn sr. Egill Hallgrímsson og fulltrúar sókna Skálholtsprestakalls Arnór Karlsson, Margrét Baldursdóttir, Arnheiður Þórðardóttir, Matthildur Róbertsdóttir og Brynjar Sigurðsson.

Sigurður setti fund.

1. Organistamál.

Farið yfir starfslýsingu fyrir organista, sem var lögð fram á síðasta fundi stjórnar með fulltrúum sóknanna. Engar athugasemdir gerðar.

Lögð fram tillaga að samkomulagi milli stjórnar Skálholts og sóknarnefnda Skálholtsprestakalls um starf organista. Tillagan rædd og gerðar nokkrar orðalagsbreytingar. Samkomulagið því næst undirritað af báðum aðilum.

Lagt fram uppkast af auglýsingu um starf organista. Uppkastið yfirfarið og gerðar nokkrar orðalagsbreytingar. Ákveðið að birta auglýsinguna í dagblöðum og á heimasíðu Skálholts. Einnig að senda hana til stjórnar organistafélagsins til birtingar á heimasíðu þess.

Gestir yfirlögðu fundinn.

2. Fundargerð síðasta fundar. Samþykkt.

3. Fjármál.

Rektor og framkvæmdastjóri greindu frá fundi sínum með framkvæmdastjóra kirkjuráðs og fjármálastjóra kirkjunnar þar sem rætt var um fjárhagsáætlun og fasteignasvið. Þar kom meðal annars fram að aðeins 6,5 millj. er á áætlun til viðhalds fasteigna í Skálholti á árinu 2009. Rætt um viðhaldsverkefni og forgangsröðun þeirra en ljóst er að mun minna er til skiptanna í þeim málaflokki en áætlað hafði verið.

Næsti fundur stjórnar verður 11. mars 2009.

Fleira ekki gert.

Fundi slitið kl. 14:00.

Hólmfríður Ingólfssdóttir